# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 67

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

~~STÝRIMANNASKÓLINN~~

Reykjavík 28. febrúar 1911

Bréf. 14/3 '11
Bg. 6

Eg leyfi mér hér með að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur að mér verði leyft að byggja lítið íbúðarhús austanvert við fjós það og hlöðu hús, er eg hefi bygt á erfðafestulandi mínu í Kringlumýri. Íbúðarhús þetta á að vera að stærð 12×8 álnir + inngangsskúr 4×4 álnir. Kjallari á að vera undir öllu húsinu og skúrnum. Byggingin á að vera úr höggnu grjóti og steinsteypu.

/. Uppdráttur af þessari fyrirhuguðu byggingu fylgir hér með, er eg að öðru leyti vísa til.

Þess skal getið að eg hefi hugsað að byggja íbúðarhúsið 10 álnir fyrir austan fjósið og hlöðuhúsið, og að norðurendi hússins standi í beinni línu við nyrðri hlöðuhússveggina.

Eg skal leyfa mér að geta þess, að samkvæmt erfðafestusamningnum lít eg svo á, að byggja megi íbúðarhús og önnur jarðarhús á erfðafestulandinu, með leyfi bæjarstjórnar, án þess að þurfa að kaupa sérstaka byggingarlóð undir slík hús, enda væru slíkt harðir kostir, sérstaklega um peningshús (fjós, hlöðu og hlaðh.).

B. Rvk 20/1 1911 B. I. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Álitist þessi skilningur minn á erfðafestusamningnum eigi réttur, vænti eg þess að samningar takist um byggingar-lóðargjaldið undir íveruhúsið.

Virðingarfyllst
Páll Halldórsson.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 24 ál

18

192

24

432 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik., 9. marz. 1911.

Hjermeð leyfi jeg mjer undirritaður að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að hun vilji samþykkja breytingu á husi minu við Vesturgötu No. 4 samkv. hjálögðum uppdrætti.

Virðingarfyllst.

Jóna Jónsson

Til

byggingarnefndar Reykjavikur-kaupstaðar.

B. Rvk 20/1911 B I. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík., 9. marz. 1911.

Hjermeð leyfi jeg mjer undirritaður að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að hún vilji samþykkja breytinga á húsi mínu við Vesturgötu No.4 samkv. hjálögðum uppdrætti.

Virðingarfyllst.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur-kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52 ÷ 20 -

# Bæjarstjórn Reykjavíkur

**Gjörir kunnugt:** að með brjefi þessu er herra

leigð á erfðafestu til ræktunar landspilda sú, sem lýst er í tölulið 1 hjer á eptir, með eptirgreindum nánari skilmálum:

1. Hin leigða landspilda er að flatarmáli og

2. Landið er leigt á erfðafestu til ræktunar en ekki annara afnota. Byggingar má ekki gjöra á erfðafestulandinu, nema fengið sje sjerstakt leyfi bæjarstjórnar til þess.
3. Leigjandi skal hafa girt erfðafestulandið gripheldri girðingu áður en ár er liðið frá því landið er honum útvísað, ella fellur landið aptur til bæjarins án endurgjalds.
4. Eptir að ár er liðið frá útvísun skal leigjandi á ári hverju rækta til túns, matjurtagarða eða annarar sáningar eigi minna en hektara þannig að landið sje fullræktað á næstu árum eptir að útmæling fór fram. Sá hluti erfðafestulandsins, sem að þeim árum liðnum er óræktaður, fellur aptur til bæjarins án endurgjalds, eða ef bæjarstjórnin kýs heldur, getur hún hækkað afgjald alls landsins um 50% þangað til ræktunarskilyrðunum er fullnægt.
5. Ef girðingum er ekki við haldið eða erfðafestulandið gengur úr sjer að rækt, svo til auðnar horfi, hvorutveggja eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna, fellur landið aptur til bæjarins án endurgjalds, en þó að óskertum rjetti þeirra, er veð kunna að eiga í landinu, og er þá leigjanda skylt að taka burtu girðingar og önnur mannvirki, innan hæfilegs frests, er bæjarstjórnin setur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Fyrsta árið eptir að útmæling hefur farið fram, greiðist ekkert erfðafestugjald. Næstu ár þar á eptir eða þau ár sem leigjanda eru ætluð til að rækta landið, greiðir leigjandi 10 kr. fyrir hvern hektar á ári, og að liðnum þeim árum er erfðafestugjaldið 20 kr. fyrir hvern hektar á ári. Árgjaldið greiðist 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn 1. okt. 19 og er trygt með forgangsrjetti í eigninni á undan öllum öðrum veðskuldum.
7. Hvenær sem bæjarstjórnin þarfnast þess handa bænum eða öðrnm, er leigjanda skylt að láta aptur af hendi erfðafesturjett sinn hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess gegn 30 aura endurgjaldi fyrir hvern fermetra. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur slík mannvirki á þeim hluta landsins, sem bæjarstjórnin krefst sjer afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra að auki andvirði þeirra eptir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
8. Ef leigjandi vill selja erfðafesturjett sinn að öllu eða nokkru hefur bæjarstjórnin forkaupsrjett.
9. Með þessum takmörkunum er leigjanda heimilt að selja erfðafesturjett sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt.
10. Leigjandi greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lagðir kunna að verða á erfðafestulandið sem gjaldstofn.
11. Skylt er leigjanda að láta þinglesa erfðafestubrjef þetta á sinn kostnað.

*Reykjavík 19*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar
14. marz 1911.–

Ár 1911 þ. 14. marz var haldinn fundur í byggingarnefndinni í stað fundar þess er fórst fyrir síðasta laugardag. Komu þá fyrir þessi mál:

1. Páll Halldórsson, skólastj. sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandi hans í Kringlumýri 10°×8° álnir með inngönguskúr 4°×4° al og að honum verði leyft að breyta grunninum undir húsinu í byggingarlóð 24°×18° undir ofanumtalað húsið með því skilyrði, að hann greiði í bæjarsjóðinn sem andvirði fyrir lóðina 50 aura fyrir feralin hverja að frádregnum 12 aurum (30 a. pr. fermeter) eða 38 aura. Með þessum skilmálum sje honum heimilað byggingin samkvæmt teikningunum sem ekkert finnst athugavert við. Vagnvegur sje gjörður heim að hússtæðinu áður en byrjað er á byggingunni.–
2. Jóni Björnssyni leyft að gjöra breytingu á gluggum og inngöngudyr á húsið Nr. 4 við Vesturgötu.–

Á fundinn komu ekki; Jón Jensson. K. Zimsen og Rögnv. Ólafsson.–

Fundi slitið
Páll Einarsson
Tr. Gunnarsson G. Olsen
Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur